Loksins – þegar Ísland vaknaði úr Kaunaðsvímunni – Markaður var orðin ófær – þá mátti taka helming þess láns er naðst. Síðan var sendur maður frá Reykjavík beinlínis til höfuðs málefnis er Íslands og þekk kann kross þeir, þótt ekki heppnaðist að drepa mig nje málið algjörlega.

En álla var jeg og hálstuður Íslands líkkum.

Svo kom að afkendingu þeirrar þeirra er Ísland – með fullri meðvitund langjafa – hafði skuldbundið sig til þess að greiða þeir útvegun

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. XVIII

Meðan fjð gekk til amarai en nýr-adullyn til þess að breiða yfir bresti í stjórnarinnar (B. x B. 30,000 kr. o.s.frv.) greiddist það-þó með drætti og vífilengum. En þegar kom að því að B.J.T. átti að fara að fá sinn ítlagdann kostnað,- þá kann hin fyrverandu skilabað- „af peningum þínum ~~farta~~ sleppir stjórnin ekki meira fyrst um sinn.- Eins og þig fyrr sagði er vágesti hjer daglega til þess að sækja skattaafsláttinn af hinum miklu tekjum. Veikindi eru hjá mjer- og þig lána það fje, er Ísland ljek — stelu — rana- eða hvað menn vilja kalla þetta ~~fjeð lánar mín~~ þegar er gríðet- með 120% vöxtum hjá dönskum okurkörlum, sem eru töluvert manneðlegri en stjórn okkar þar heima.

„Þig hafði lofað þeir ótakmarkaðri umsetningarupphæð þeir peningastofnanir okkar, (B. þegar hún var að velta þar) öðrum sjávarútveg okkar,- þeir Sauðnaðarfjelag okkar allt með kjörum er þjóðbankinn danski ekki fær. Þig hafði Marara Nielsens hlutafjelagið í fossalyggjunum, járn og aluminium náni okkar.- þriðjungur ódýrara fje til Suðurlands ferðatakja (p.e. til ~~Vestfjarða~~ Vestmannaeyja Reykjar o.s.frv. Lofað manna sem eru afkomendur þeirra manna er skapað hafa M.S.A. og Ísland og sem nú eru ákveðnir um alheimsmál

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12/1 '22. XIX

Nú dunar stjórn okkar á grafarbarmi allra þeirra mátefna. Jeg heimi daglegu sveltíð í Sambandi J. M. & Co. í London og er sá kremadans mjer leiður þótt máske yrkur oju skemt þar heima. — Sem betur fer hefi jeg ekki gefið upp hverjir fáð eru þeir lánið veitir í raun og veru — svo Landinn getur aðeins framið jiflaði sitt grammi fyrir Herbert Wang & Co. Eins og þú veist eru „Representantar" íslenskir ekki við þá fjöl feldir einu, að knupla peningum, heiðri, hugsjónum o. fl. heldur hafa þeir þann óterjandi, að viti þeir af við hvern maður hefur sambönd, þá brjótast þeir inn á hann og byrja að vagga-hagga og láta skvalinugjalátum við hann, þangað til að honum verður „bilt og bölvar hverutveggja.

Ef okkur annað er til í himni íslenska Orðk en það sem þið nú sendið eit, — þá er hollast að loka dyrunum og láta Moses ráða hvert vekur. Hann lætur yðkur ekki drepast á hrönnum meðan hann fær nóg kjöt og lýsi til að sjakra með frá yðkur, og fær það með sínu verði. —

Ja þú furðar þig allt þetta rausi. Þú ert sjálfur orsök þess að jeg sendi þjer það. Jeg hef um oju þá von að pólitikin

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17/2 '22 XX

ekki hafi enníþá dregið allann drengskap úr þjóð.

Ef þeg kemst heim, hef þeg tilneyð nýmæli með til þessa fáu, sem enníþá eru menn þar heima. Bið þeg bera kveðju til Kristjáns ef hann er í Reykjavík. Mann. Arnb. ef eitthvað er eftir af honum. Sigurðar í Vigur, sem nú eðlilega gerist forsáttur og til heima sampingomanna, að svo mikla leiti þeirsem til einhvers nýtir annars en láta hafa sig að skálkaskjóli þeirra er nú frálíða Íslandi.

Það veltur mikið á því að þeg fái telegram frá þjóð – helst áður en Gullfoss fer hjeðan þann 19de um það hvenær horfur eru og hvort þá verði fært Magnús Guðmundsson til þess „að sleppa náðinni". Þeg sje að öðrum kosti ekki til neins gagns að þeg komi heim. Engínn má skömm renna af því sínist, sem forlög Íslands sjeu þau að vinna til refsingar og bera ábyrgðina.

Með bestu kveðju

þinn einl
P. J. Thorsteinson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

21-12-21.

Gjörningsbréf
rjett samrit
Þ.J. Valdarson

Ólafur Ólafsson

Hæstvirtur forsætisráðherra,

Í samræðu þ.16.þ.m. urðum við ásáttir um, að leggjast á eitt og afstýra frekari vandræðum út af gjaldi fyrir útvegun enska lánsins. Þjer beitið lægni yðar og hyggju til þess að meðstjórnendur yðar sleppti haldi á gjaldi þessu og bæti tjón það er þegar er orðið. Jeg rita yður upplýsingar þær er jeg get af hendi látið. Hvorutveggja mun nægja til þess að svæfa þann misskilning er nú [illegible] gera þetta mál að mesta vandræðamáli.

Auðvitað með þeim fyrirvara, að ef tilraun þessi tekst ekki, að þá verði það er jeg rita hjer, ekki notað til óhags málstað mínum.

En málstaður minn er í aðalatriðum þessi:

Skýrsla fjármálaráðherra í íslenskum blöðum (Lögrjettu) er rjett í þeim atriðum, að aðalskilyrði fyrir að lánveiting kæmist á, er að því er hann telur:

85 o/o gengi 7 o/o ársvextir og 1 o/o af láninu fyrir að útvega það, þessi £ 5000 subsidiart - 15 o/o voru mín eign, frá undirskrift lánssamnings, og stjórnin hafði og hefir engann ráðstöfunarrjett yfir þeim, annan en þann sem jeg, eða fulltrúi minn konungsritari veitti henni. - Ekki aðeins þeir breskir og amerískanskir menn er við samnings-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

borðið sátu - heldur og þeir menn er að baki þeim stóðu og höfðu lagt fram peninga þessa og brotið ísinn fyrir Ísland í þessu máli, og tilbúnir voru að ganga í lið með okkur í öðrum málum, vissu allt um þessa 1 o/o og til hvers hún átti að ganga. Vífilengjur um afhendingu hennar, telja þeir grunnhyggna tilraun til samningsrofa, sem á þessu stigi máls kastar hinum óheppilegasta blæ í þeirra augum á rjettarmeðvitund Íslands og stjórnar þess. Það er ekki tilverknaður stjórnarinnar, - heldur sómi Íslands sem er orsök þess, að jeg ekki fyrir löngu hefi ávísað einhverjum þeirra upphæð þessa og beðið þá halda henni í lögheldi, þangað til dómur væri genginn fyrir enskum dómstóli.

Án þess að færa nokkur frekari rök skýt jeg því inn hjer til skilningsauka, að ítök sem jeg á og áður ekki voru föl breskum og ameríkönskum borgurum, nú eru föl fyrir mörg hundruð þúsunda króna lægra verð, en ella hefði orðið, ef samningar um lánið - meðal annars um þessa 1 o/o - ekki tókust. Þetta innskot aðeins til þess að skýra hverjum augum þeir er þetta vita, muni líta á tilraunir til þess að verðlaunum, að svifta mig rjetti viðvíkjandi því lítilræði er hjer um ræðir af kostnaði mínum og fyrirhöfn við lántökuna. Móðgun sú og lítilsvirðing persónulega sem felst í hinum munnlegu skilaboðum um, að fyrst um sinn fái jeg ekki meira (af peningum mínum) ekki meðtalin.

Vefengi menn skýrslu fjármálaráðherra eða leggi annan skilning í hana, en að framan er bent til - er skýrsla konungsritara og stjórnarmanna - eða vitnisburður þeirra fyrir rjetti - ef til málaferla kemur - ótvíræður grundvöllur fyrir dómi fyrir upphæð þessari og fullum bótum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki síst vegna þess enginn annar hefir gert, eða getur að ósekju gert kröfu til gjalds þessa.

Vilji menn vefengja atgjörðir konungsritara fyrir mína hönd, og t.d. segja að Andersen hafi gert kröfuna og hafi ekki rjett á yfirferslu til mín eða eitthvað þvílíkt, - þá sjer hver heilvita maður, að fullar sönnur munu fást fyrir því að frá byrjun er hann og jeg eitt. Landssjóði má á sama standa hverjum upphæð þessi er greidd (sjá síðar). En það leyfi jeg mjer að benda á, að á sama tíma sem við gerðum kröfu frá Andersen um 1 o/o, gerðum við í brjefi til yðar frá mjer, sem þjer ljetuð sendiherra svara mjer upp á þ. 8. júní þ.á., kröfu til hluta úr því, sem lán það er við útvegaðum, yrði ódýrara, en það lán sem stjórnin þá átti kost á. Jeg hefi ekki enn þá reiknað út hvað sú krafa nemur í krónum. En vaxtamunur mun vera 1 o/o. Vextir 1 o/o af 10 mill.kr. er 100.000 Kr. á ári. Kapitalíserað með vöxtum og vaxtavöxtum í 35 ár nemur upphæðin ca. 5 mill.króna. Minn hluti úr þessu ætti því að vera ca. 1 1/4 mill.króna. Það er vel gjört að stjórnin með því sem á undan er farið, heldur lífi í þeirri kröfu og farir líkur fyrir, að það sem gengið hefir til mín hingaðtil, ekki sjeu hluti af 1 o/o fyrir að útvega lánið, - það voru peningar sem háttvirt stjórn engin tök hafði á, - heldur afborganir af hlutkröfu minni. -

Jeg skal svo um stund eltast við rök fyrir vífilengjum þeim, er mjer hafa borist til eyrna.

Menn segja lánið dýrara sökum þess að Andersen gerðist erindreki lángjafa og fjekk borgun frá þeim. - Þetta er illgjarnt rugl þeirra er ekki þekkja málefnið. Sem fulltrúi lángjafa átti

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Andersen hægra með að gæta hagsmuna beggja og binda lángjafa við gjörðir sínar og skoðanir. - Þegar stjórnin gekk að því að borga þessa 1 o/o var krafa lángjafa 7 1/2 o/o ársvextir 85 o/o gengi (tollar aðveði m.m.) o.s.frv. Lánið varð meðal annars 1/2 o/o lægri ársvextir, gengi sama. En 1/2 o/o lægri ársvextir af 30-35 ára láni þessu nema nær 90.000 £ eða reiknað í gengi að áðtluðu meðaldagsverði 14 o/o - sem mun mega telja 70.000 £ virði í þessu sambandi, sem umsamið var, þegar við undirskrift samningsins, þessi 5000 £ áttu að falla til mín. Leggi einhver þá spurningu fyrir lángjafa hvort lánið hafi orðið dýrara, af því að hann gaf Andersen þóknun, - þá furðar hann sig ekki svo mjög á heimsku spyrjanda - menn hafa innan vissra takmarka heimild til að látast vera heimskir - en lángjafi fær í þessu sambandi, óknnandi viðbjóð á illgirni þeirri er spyrjandi vill leyna.

En hvort sem lánið varð dýrara, eða ódýrara, þá er 1 o/o = £ 5000, eventuelt minus 15 o/o, þóknun fyrir útvegun lánsins, skilyrði fyrir útvegun þess, - samþykt við undirskrift. Annað mál er það, að rjettsýnir og höfðinglegir menn, hefðu bætt £ 5000 við, fyrir frammistöðuna.

Ekki svo að skilja, að jeg þakki mjer eða Andersen eingöngu að þessi 70.000 £ unnust, eða að heppilegri málalok urðu en áhorfðist. Sendiherra á þar sinn hluta óskertann, einkum í því að samningsatriði (veðsetning ákveðinna tekna ríkissjóðs, sem velfelstar þjóðir þá skuldbundu ríkislán sín við, urðu betri en nokkur þá gat vænst m.fl. Jafnvel þótt jeg að nokkru kunni honum vafninga þá er nú eru áðrðnir (sjerstaklega að tjekkinn til mín var ekki afhentur við undirskrift lánsins) - skal hann frá minni hálfu njóta sannmælis, að hver þjóð gat verið vel sæmd/ af

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar á Borgarskjalasafni Reykjavíkur

II.

frankomu hans, á sviði þar sem hann var nýr maður og óreyndur og vandfarið er þaulæfðum fjár- og stjórnmálamönnum. Í þessu sambandi skal það tekið fram, að Ísland þarf betur en oft hefir verið, að vanda til er það sendir út menn til samninga við aðrar þjóðir. Að bankastjóri Kaaber, sem stjórnin sendi til samningagerða, - er sendur af pólitískum ástæðum, - en ekki sökum þess að nokkur hafi getað vænst þess, að hann hefði reynslu eða vit á fjármálum, á því sviði, er hjer um ræðir, er mjer fullljóst. Hann staðhæfði það t.d. að eftir sinni samnæringu þyrfti Ísland ekki á láni að halda, og ef það tæki lán, gætu sín "sambönd" útvegað það betra og ódýrara en hjer var um að ræða. Hið fyrra sýnir óhreint hugarfar, ef hann lætur skipa sjer til verks sem Íslandi er ógagn..að, að hans samnæringu, - hið síðara er landráða ef þjóðbankastjóri Íslands getur útvegað Íslandi betri kjör en gerði það ekki. Að slíkt kasti skugga á þá er mennirnir senda, er einsætt. Sendiherra tókst að vísu aðdáanlega að breiða yfir þetta, - og það, að maðurinn sýndist sendur til höfuðs frangangi málsins. Jafnvel einföldum íslenskum "bankastjóra" gat ekki verið ókunnugt, að í yfirstandandi fjármálaorustu heimsins, standa fjármálamenn jafn ónáðverðir og í orustum ófriðaráranna og að þeir er sigur bera og lánið veittu, eru hörðustu fjármálafjendur þess flokks, er telur Landmandsbankann og skjólstæðing hans Landsbankann, til síns liðs, og sem nú á lítið traust og fje eftir í fjármálaheimi þessa hnattar. Tókst sendiherra snild-

Eimskipafélag Íslands Bókasafn © Gegnir.is Landsbókasafn Íslands

arlega að firra málið vandræðum á þessu sviði.

Hallgrímur sambandsstjóri Kristinsson sagði mjer dálítið af frægðarverkum, sem Kaaber hjelt sig hafa unnið í London. Einnig að herra bankastjórinn hafi ekki vitað af Páli Torfasyni í þeirri ferð og hendu menn gaman að því.

Það hefir bólað á ýmsu út af því, að mjer hefnaðist að fá konungsritara Jón Sveinbjörnsson til þess að skorast í mál þetta með /Pjer.

Fyrsta ástæða var sú, að jeg sem vel veit, hverjum ísland í raun og veru mest á að þakka heppileg málalok flestra stærri velferðarmála. Jeg þekti hann sem hyggjinn, tilþrifamikinn og óyggjandi liðsmann, þegar um sama hagsmuni íslands var að ræða.

Ennur sú, að ekki aðeins hæfileikar - heldur líka staða hans gerði fjendum máls þess og þjónum þeirra óhægra um vik, að hindra frangang málsins með smáblekkingum og mótþróa. Það þurftu stærri skot á hann en mig. T.d. mundu þjónar íslandsskrifstofunnar hvorki neita honum um opinberar upplýsingar eða að framsenda skeyti um opinber/ mál o.s.frv. Það er áugnaði hans að þakka og íhlutun, að þær upplýsingar er þurftu til frangangs þessa máls, loksins fengust og urðu frambærilegar m. flr.

Hin þriðja var sú, að hann er lögfræðingur og mjer miklu fremri í því að verjast ýmsum þjóðlýtum, barnaskap og smásálarskap er stundum gægist fram á Islandi t.d. tilraunin til að narta í fjeð, heiður og viðurkenningu mína, án þess að gæta þess, að nart það kostar ógrynni fjár og töluverða fúlgu af sóma.

Sú var fjórða ástæða, að jeg skuldaði honum sönnun þess,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að svo langt er jeg fs ráðið, vildi jeg ógjarnan reynast ódrengur.

Það var tilgangur minn að borga skuld sem á mjer hvíldi til hans ef losnað hefðu peningar, og að sýna honum svipað traust og hann sýndi mjer. Skuld sem var kostnaður við að koma málefni í kring og Íslandi varðaði miklu.

Menn vilja vita hversvegna jeg hefi borgað Grosserunum Berner og Buch 30.000 krónur.

Berner segir Sigurð ráðherra Eggerz hafa beðið sig leitast fyrir um Ameríkulán. Að jeg hefi þrátt fyrir það að mjer hafi fundist gengið fram hjá mjer, gefið sjer bendingar, og sagt að ráðherra væri "god nok". Byggt á þessu hafi hann farið til Ameríku og komið aftur með sannanir góðra undirtekta. Eggerz hafi ekkert borgað sjer af kostnaði og fyrirhöfn. Hann eigi því aðgang að mjer um þetta. Þessa kröfu hefi jeg aldrei tekið alvarlega.

En hjer í bæ er fjelag sem heitir "The northern agency". Buch er frankvæmdarstjóri, Berner á hluti, og Statsgældsdirektör P.O.A Andersen sat í stjórn þess. Í vor þegar við A.P.Andersen gengum saman um að útvega Íslandi lán í Englandi ef á reyndi, - sem öllum var ljóst að mundi verða, þar sem Danir þá höfðu með herkjum fengið ameríkanskt lán með 9 o/o og sje rejtt litið á með 11 o/o effectivum ársvöxtum og eigi nema lítinn hluta þess er þeir þurftu til þess að bjarga frá hruni, - varð að ráði, að Buch og Berner legðu fram fje til lúkningar kostnaði við þetta og fengi hluta af hag (1/3) ef heppnaðist. Að sögn Andersens lögðu þeir fram nokkuð fje til ferða hans. Þegar hin fyrsta tilraun mistókst, sökum þess að Island var ekki til-búið, - peningamarkaður lokaðist, - þeir er lofað höfðu fje til

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lánsins gengu úr skaftinu sumir, o.s.frv., mun þeim herrum ekki hafa litist vel á, eða verið í fjárþröng. Enda mun þá Anderson hafa efað að nokkuð yrði úr því að Ísland tæki lán, því hann gaf þær upplýsingar, að hann færæi kröfu þá er hann fyrir okkar hönd hefði gert fyrir 1 o/o þóknun, að fullu yfir til mín, þar sem hann út af öðrum málefnum (Aarhus og Sönderjyllandslán m.m.) væri genginn í þjónustu þeirra manna er honum höfðu verið útvegaðir í London til samningsgjörða um Íslandslán og vildi hann að jeg borgaði þeim B.& B. það sem þeir hefðu lagt fram, ef síðar yrði eitthvað úr lántöku. Jeg hafði ekkert á móti því ef þeir herra NB hjeldu áfram fjárfremlögum, þar sem þyrfti. Treysti þeim loforðum þeirra í því efni.

Um miðjan Ágúst þegar hinn breski markaður var lokaður, jafnvel fyrir breskum kolonialánum, sökum lántöku bresku stjórnarinnar á 500 mill.£ til Ameríku, - og allir þóttust vita, að engin hætta væri fremur á því að Ísland kæmist að fyrst um sinn, - þá lifnaði yfir láninu frá Íslands hálfu. Var lagt fyrir sendiherra að fara til London, - ekki til að færa sönnur á að lánið fengist ekki og alt skraf um það væri flapur eitt - nei hann átti að skrifa undir lántöku fyrir Íslands hönd á 500.000£ og var umboð hans víst einkennilegt mjög, sbr. að hann ekki gat greitt samþyktan kostnað við lántöku.

Þeir menn er lofað höfðu að leggja fram peninga í bili, þangað til lánið yrði opinberglega boðið út á breska markaðinum, voru úti í sumarfríinu, og víst taldist, að minsta kosti, að 150000£ vantaði, þótt lánið yrði ekki nema 1/2 mill.£ Helstu fjárráðendur voru löngu leiðir á þófinu. - Ekki svo auðgert að halda trú Ander-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20.12.1921

III.

sens vakandi þá daga, enginn leikur að fá í tösku sendiherra þau gögn, er hann þurfti á að halda. - Og verst af öllu fregnin um að danskur íslendingur, Direktör Landsbankans, samvinnubanka Landmandsbankans, sem þá var í fjármálaóvinaliði þeirra er styrkja vildu Ísland með peningaframlögum, væri á leið til London - til aðstoðar sendiherra! - - -

Föstudag 19.ág. - eftir að búið var að panta farseðil og hótel fyrir sendiherra, - kalla menn þá til London er líklegast þótti að björguðu málinu á einhvern hátt o.s.frv. kom Andersen uppgefinn til mín, segir að snúa verði ferðinni aftur - aðallega vegna þess að fjárframlögin frá B.& B. hafi brugðist, hann geti hvergi drifið upp ferðakostnað á þeim fáu klukkutímum sem til umráða sjeu o.s.frv. o.s.frv. Í stuttu máli alt sje strandað, aðallega á óeðrheldni B.& B. í síðasta augnabliki. Þetta var litlu fyrir kl. 2 .

Nú þótti mjer gerast óvint nokkuð um sökin.

Peningavandræði hjer voru þá mikil. Sjálfur átti jeg að venju enga opna fjársjóði. Kunningjar mínir flestir í burtu og bönkum lokað nema til út og innborgana.

Bað bresku sendiherradeildina sjá mjer um passvísum þótt skrifstofunni yrði lokað. Fjekk mjer passa. Bað kunningja minn sjá fyrir heimili mínu með 2000 kr. á mánuði ef ferð mín íslengdist og ljá

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mjer skotsilfur. Hann opnaði skáp sinn og tók enga kvittun, enda enginn tíni til skjalagerða. Kl. 4 var jeg hjá Andersen með 10 Stk 500 króna seðla 3 Stk. bankaávísanir á London á 100 £ hverja (ef ske kynni, að ferð ílengdist eða ef sendimenn Íslands yrðu ekki of konunglega úr garði gerðir o.s.frv.) og þrátt fyrir að skrifstofun var lokað, með passa og að öllu búinn til samferðar.

Að jeg hafi borgað, - og borgað vel greiðvilni þessa kunningja míns, þótt enginn stafur og ekkert vitni svari að henni, - veit jeg að þeir heimska mig mjög fyrir, sem nú, þrátt fyrir skjöl og vitni jafnvel æðstu embættismanna, og þótt sómi Íslands og hagsmunir sjeu að veði, - reyna að halda umboðslaunum mínum og skerða mannorð og heiður minn eftir föngum. Og maklog málagjöld mundi þeim þyktja, að halda þetta yrði orsök þeirrar jólagjafar, að fógeti sækti kröfur míner á stjórn Íslands, út af lánveitingunni. -

Hvað skeði í London, hefir Kaaber skýrt Íslendingum og að því er sýnist fengið kross fyrir. Sá kross fer honum jafn vel og upplýsingar þær er hann gaf fara þeim Íslendingum, er við þeim göptu og ekki vita nje vilja vita betur.

Hvor Íslandi sje raunverulegt gagn gert með því að trufla þá ráðstöfun fjárhagslegs og pólitískts protabús þess, er blöð hjer fimbulfömbuðu um, verður ennþá ekki sjeð. Lánið er hlaðið skotvopn og Ísland er ungt. Jeg og þeir er þeninga lögðu fram treystum því til þess, ekki að fara sjer að voða, og þegar barnabrek eins og t.d. haldið á gjaldinu til mín minka, - að það þá noti, og noti rjett, allar þær dyr er um leið opnuðust frankvæmdum þess, og dug. Fari það

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjer að voða, með óviturlega meðferð á lánsfjenu, er ekkert verra orðið, en það sem fyrir hendi lá, þegar lánið var tekið.

Viðurkenning sú er fólst í því, að við heimkomu okkar frá London, hljómaði úr hverri gyðingakrá hjá "det var som Satans", "det maa være forbandet Lögn" o.s.frv. og að sjálfur Nationalbankdirektör Westy Stephensen varð að fara til sendiherra til þess að fá staðfestingu þess, sem enginn trúði að skeð gæti, er ekki á valdi þeirra er heiðursverðlaunum úthluta oft til þeirra er skipast undir merkin eftir að sigur er fenginn, þá viðurkenningu hefi jeg óspart fengið. Á hinn bóginn er framanskráð "nálýt" og það að í mín eyru hefir verið sagt "að í lántökumálinu þekki stjórn Íslands ekki opinberlega Pál Torfason", máske líka viðurkenning. En gaman það er grátt nokkuð, af því slíkt var óþarft. Og enginn lái mjer, þótt jeg vísaði slíkum umælum á bug með því, að staðhæfa, að slík ummæli hlyti að vera órjett, því þá stjórn er þannig talaði, þekti ísland ekki stundu lengur. Þótt persónulega jeg sje óorðsjúkur, er mjög hætt við að þeir vinir mínir er lánið veittu og nú líta hissa á framkomuna gagnvart mjer hvað snertir greiðsluna á umboðslaunum, taki óstint upp þykkju fyrir mína hönd, ef það er látið óhrakið í þeirra eyru. En hagsmunum Íslands má ekki tefla í hættu fyrir brekin.

Þegar jeg kom heim frá London, var jeg ófús á að greiða Berner og Buch annað nje meira en þeir færðu sönnur á að þeir hefðu lagt fram af fje. En þeir fylgdu málinu með frekju, sögðust meðal annars "skandalisera" stjórnina í blöðunum fyrir aðgerðarleysi hennar í máli þessu á meðan markaður var betri o.s.frv. Andersen studdi mál þeirra, hvað hættu og óþægindi fólgna í þessu fyrir stjórnina. Jeg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hló að þeim - þeir hefðu aldrei fengið nema í hæsta lagi fyrir nokkrum þúsundum króna (þeir hefðu máske getað fært líkur í Andersens vitnisburði, fyrir 7 þús.kr. framlagi)en af því konungsritari áleit hyggilegast að afstýra öllum hávaða og blaðadeilum út af þessu,sendist okkur í milli, að jeg greiddi þeim 30.000 kr. Þetta gerði jeg ekki vegna sjálfs mín, - þeir áttu engann kost á að "skandalisera" mig eða vinna mál af mjer, heldur blátt áfram. til þess að fyrra stjórnina óþægilegum árásum úr átt er vissi of mikið um atvik til þess að þar varu þýðingarlausar.

Þykir mörgum nú stjórnin hafa tekist fimlega að hitta á upphæðina er henni bæri að halda eftir af peningum mínum.

Þetta er sagan rjett sögð um borgunina til B.& B.

Í svipinn man jeg svo ekki meira af vitleysum er stytta þarf aldur, - en er viðbúinn ef þjer,hæstvirtur ráðherra,viljið benda á eitthvað er þjer óskið skýrt.

Mönnum er ókunnugt hve miklu jeg hefi ofrað af fje, fyrirhöfn og hagsmunum,til þess að koma máli þessu á framfæri. Það er nóg handa þeim er sýnilega vilja láta mig hafa skömm og skaða að launum, - að fullyrða,að þótt sendiherra eins og sjálfsagt var, samstundis og lánið var undirskrifað, - hefði gefið £ 5000 ÷ 15 o/o tjekk til mín, - til afhendingar á fje, er stjórn Íslands aldrei átti nein yfirráð yfir, - þá var persónulegt tap mitt, við það að koma málinu í gegn,svo stórt, að fáir privatmenn íslenskir munu geta lagt meira fram í þarfir Íslands, og miklu meira en stjórn Íslands er fær um að borga, öðruvísi en eftir reglunni,að ekki verði gott oflaunað nema með illu eje.

Ekkert rjettlæti náðu þeim,sem stjórnin gat lítt eftir því

Einkaskjalasafn Jóns Benediktssonar, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

IV.

að kreditorar mínir láti málafærslumenn sína byrja málaferli og vitnaleiðslur út af kröfu minni.

Hagur Íslands og heiður krefur, að stjórnin láti ekki þessa óhyggilegu tilraun til þess að gera mjer persónulegann skaða, skapraun og lítilsvirðingu, degi lengur, halda öllum þeim dyrum lokuðum er opnaðar voru fyrir fjárhagsviðreisn þess með láni þessu. En það munu bankar, verslun, kaupfjelög og atvinnuvegir þess fá óþægilega vissu fyrir, að er tilfellið á öllum verulegum sviðum, - þangað til þeim óhug er ljett af, sem þessi tilraun stjórnarinnar hefir skapað hjá ~~þeim~~ mönnum þeim er ekki aðeins með láni þessu, heldur á öllum sviðum voru búnir til þess að taka höndum saman við bestu menn okkar, til skjótra framfara Íslands í öllum greinum, - og jeg hefi fengið fullar bætur í þessu máli. Þótt töluverður vindur sje í kotungsbönkum Íslands nú, meðan þessi litla fjárhæð er lánið nam er að moltast, þá mun þess ekki langt að bíða, ef áfram heldur eins og nú horfir, að sljólsteðingar stjórnarinnar - jafnvel stjórnin sjálf "opinberlega" beri kensl á Pál Torfason.

Þjer hafið, hæstvirtur forsætisráðherra, oft borið giftu til þess rjettvíst að ráða fram úr vandræðum. Þjer hafið reynslu fyrir, að jeg oft sje leið, þar sem aðrir eru á þrot komnir, og vitið að framanskráð ekki eru grundvallarlausar hótanir reiðs manns, heldur skorinorð hreinskilni, þess er hag Íslands og stjórnar þess metur hærra veldi en eigin hagsmuni. Jeg veit því, að þjer látið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enga stund hjálíða, áður þjer verðið við þeim tilmælum mínum, að koma máli þessu í það lag að jeg megi við una.

En málið neyðist jeg til að láta af hendi, að fám dögum liðnum. Eftir það ræð jeg ekki við afleiðingar framanskráðrar frankomu stjórnarinnar gagnvart mjer og fer þá sem verða vill.

Virðingarfyllst

P. J. Thorsteinson.

Til Verðlaunaráðsins

fr. 4. Maftr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur